

//Á döfinni//

...:Starfsdagur:...

Miðvikudagurinn 26. febrúar er starfsdagur kennara. Nemendur eru í frí.

...:Foreldradagur:...

Foreldrar/forráðamenn og nemendur eru boðaðir í viðtal til umsjónarkennara fimmtudaginn 27. febrúar. Farið verður yfir námsframvindu, hegðun og líðan nemenda. Dagskrá og gátlisti fyrir viðtalið fara heim með nemendum þegar nær dregur.

Foreldrar/forráðamenn eru beðnir að fylla út gátlistann með börnunum og koma svo með listann í viðtalið. Aðrir kennarar verða á staðnum til viðtals við þá sem þess óska.

...:Starfskynning:...

Dagana 26.-28. febrúar verða nemendur 10. bekkjar í starfskynningu og því ekki í skólanum.



...:Samræmd próf í 9. bekk:...

Samræmd könnunarpróf nemenda í 9. bekk í íslensku stærðfræði og ensku, verða dagana 10., 11. og 12. mars næstkomandi.



// Fréttir frá Laugalandsskóla //

...: Þorrinn :...

Föstudaginn 17. janúar, viku fyrir bóndadaginn, var borinn fram þorramatur í skólanum. Allir nemendur og starfsfólk skólans komu saman í matsalnum þar sem þeir gengu að



glæsilegu hlaðborði. Látið var vel af matnum og gengu allir saddir frá borðum. Veittar voru viður-kenningar fyrir bestu þorra-botnana sem nemendur höfðu samið í vísuþotnakeppni í tilefni þorrans. Það er áhugavert, hve margir nemendur hafa

gaman af því að semja botna og margir góðir botnar skiluðu sér inn. Hér fyrir neðan eru botnarnir sem valdir voru bestir í ár.



1.-4. bekkur

Góða veislu gjöra skal gott fæ ég að borða. Ef ég mun fá súran hval, þá mun ég mér forða.

Höfundur: Róbert Darri, 4. bekk

Þorraprællinn 2020

Drottinn sendir djúpar lægðir, dýran munu heimta toll. Skólafólk með skrýtnar hægðir, skoðar lítinn bringukoll.

Höfundur: Kristján Árni, 10. bekk

5.-7. bekkur

Vetrarkuldann kveðjum senn, komum hérna saman. Þarna sé ég sæta menn, sem eru að hafa gaman.

Höfundur: Anna Ísey, 6. bekk



8.-10. bekkur

Höldum matarhefðum við, hér í fjallasalnum. Bitrir hermenn biðja um grið, bölvandi í valnum.

Höfundur: Heiðís Lilja, 10. bekk



Skondnasti botninn

Drottinn sendir djúpar lægðir, dýran munu heimta toll. Sumir eiga slæmar hægðir og skilja eftir pissupoll.

Höfundur: Agnes Friða, 9. bekk



...: Listahátíð ...:

Nemendur úr 8., 9. og 10. bekk grunnskólanna hér í Rangárvallasýslu blönduðu geði á sameiginlegri listahátíð skólanna þriggja, Hvols-, Hells- og Laugalandsskóla. Hátíðin var haldin í Hvolsskóla 28.janúar. Hún hófst með dansæfingum þar sem allir dönsuðu. Í boði voru listasmiðjur, svo sem leiklist, ljósmyndun, matargerðarlist, myndbandagerð, myndlist, tónlist, og margt fleira. Hver nemandi valdi sér stöð út frá áhugasviði sínu.

Að listasmiðjum loknum sýndu nemendur úr hverjum skóla eigin atriði sem þeir höfðu æft af þessu tilefni. Fyrir okkar hönd fluttu Sunna Hlín Borgþórsdóttir og Herdís Björg Jóhannsdóttir lagið Snowflake Rag, þar sem Herdís spilaði á píanó og Sunna á saxafón. Á heimleið var gott hljóð í nemendum okkar, sem þótti dagurinn bæði tilbreytingarríkur og skemmtilegur.



...: Ljósmyndaaval:...:

Skapandi ljósmyndun er vinsæll valáfangi í skólanum. Þrettán nemendur völdu í haust að fylgja Erlu Berglindi í þessum valáfanga. Á námskeiðinu er mikil áhersla lögð á skapandi hugsun. Auk þess er farið í ýmis hagnýt atriði sem gott er að kunna við ljósmyndun, t.d. myndbyggingu, myndvinnslu, stillingar og fleira. Nemendur vinna verkefni í ljósmyndanáminu, bæði í tímum og heima. Það verður gaman að sjá hvert þessi nýbreytni leiðir okkur, möguleikarnir eru óendanlegir! Uppi eru hugmyndir um að setja upp sýningu með verkum nemenda í vor.



...:Skíðaferð:...:

Miðvikudaginn 19. febrúar skelltum við okkur á skíði í Bláfjöll, með nemendur í 4. til 10. bekk. Veður hefur oft verið betra en nemendur og starfsmenn skemmtu sér vel og áttu góðan dag saman.

